



isavia

KEF KEFLAVÍKUR
FLUGVÖLLUR

Öryggisreglur vinnuverndar

HB130 01
Útgáfa: 3.0

**Öryggisreglur vinnuvernd**

Efni

1. Öryggis- og vinnuverndarvitund.....	5
1.1 Almennar reglur um öryggi- og vinnuvernd	5
2. Öryggisfundir og samskipti	5
3. Vinna við framkvæmdir og viðhald.....	6
3.1 skipulag vinnu.....	6
3.2 Áður en vinna hefst	6
3.3 Áhættumat.....	7
3.4 Forgangsröðun við stjórnun áhættu.....	8
3.5 Áhættumat á verkstað - staldraðu við.....	8
4. Þjálfun og fræðsla.....	9
5. Öryggistilkynningar	9
6. Persónuhlífar	9
6.1 Almennar kröfur.....	9
6.2 Ábyrgð og kröfur til persónuhlífa.....	10
6.3 Sérstakar kröfur um notkun persónuhlífa	10
7. Verkleyfi og umsóknir	10
7.1 Umsókn um logaleyfi	11
7.2 Umsókn um krana	11
7.3 Umsókn eða tilkynning um vinnu í lokuðu rými.....	11
7.4 Sprengingar.....	13
7.5 Umsókn um graftrarleyfi	13
7.6 Umsókn um hífinger (kranaleyfi).....	13
7.7 Skipulag vinnusvæðis og öryggi	14
7.8 Búnaður og ástand	14
7.9 Notkun lyftara	14
7.10 Rafgeymar og hleðslubúnaður	14
8. Fallvarnir og vinna í hæð	15
Búnaður.....	15
8.1 Fastir vinnupallar	15
8.2 Vinnupallar á hjólum.....	16

**Öryggisreglur vinnuvernd**

8.3	Stigar	17
9.	Læsa merkja prófa.....	18
10.	Skoðun og eftirlit tækja og búnaðar	18
11.	Meðferð og notkun efna	19
12.	Frágangur vinnusvæðis	20
13.	Brot á reglum	21
14.	Neyðarástand og rýming.....	21
14.1	Björgunar- og neyðarbúnaður.....	21
14.2	Eftirlit með neyðarbúnaði.....	21



Öryggisreglur vinnuvernd

Inngangur

Tilgangur og gildissvið

Tilgangur þessara öryggisreglna er að tryggja öruggt og heilbrigt vinnuumhverfi, koma í veg fyrir vinnuslys, heilsutjón og atvik, og stuðla að stöðugum umbótum í vinnuvernd í samræmi við kröfur ISO 45001.

Reglurnar gilda fyrir alla starfsmenn Isavia, verktaka og önnur fyrirtæki sem starfa á Keflavíkurflugvelli.

Lagalegar og aðrar kröfur

Fylgja skal öllum gildandi lögum, reglugerðum og öðrum bindandi kröfum er varða aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, þar á meðal lögum nr. 46/1980, með síðari breytingum.

Jafnframt skal farið að öryggisreglum Keflavíkurflugvallar og öðrum innri reglum Isavia sem varða vinnuvernd, flugöryggi og flugvernd.

Forysta, ábyrgð og þátttaka

Stjórnendur bera ábyrgð á innleiðingu, viðhaldi og virkni stjórnunarkerfis vinnuverndar í samræmi við ISO 45001.

Þeir skulu stuðla að virku forvarnarstarfi, reglubundnu vinnustaðaeftirliti og tryggja þátttöku starfsfólks í öryggis- og heilsumálum.

Starfsfólk ber ábyrgð á að fylgja settum reglum, tilkynna hættur, atvik og næstum slys og leggja sitt af mörkum til öruggs vinnuumhverfis.

Heilsa, vellíðan og forvarnir

Áhersla er lögð á að vernda bæði líkamlega og andlega heilsu starfsfólks. Vinnuumhverfi, aðbúnaður og hollustuhættir skulu vera þannig að dregið sé úr áhættu og stuðlað að vellíðan.

Í því skyni hefur verið gerður þjónustusamningur við Heilsuvernd og er starfsfólk Isavia hvatt til að gangast undir reglubundnar heilsufarsmælingar.

Áhættugreining og áhættustýring

Unnið skal markvisst að því að greina hættur, meta áhættu og innleiða viðeigandi stjórnæki til að draga úr líkum á slysum, atvikum og heilsutjóni.

Áhættumat skal vera lifandi ferli og endurskoðað reglulega eða þegar breytingar verða á starfsemi, verklagi eða aðstæðum.

Áfengi, vímuefni, lyf og starfshæfni

Notkun áfengis og vímuefna við störf er óheimil.

Starfsmenn sem gegna öryggistengdum störfum skulu ekki sinna þeim ef þeir hafa neytt lyfja eða annarra geðvirkra efna sem geta skert starfshæfni og öryggi.

Hegðun, nikótínnotkun og vinnumenning



Öryggisreglur vinnuvernd

Öll hegðun á vinnustað skal styðja við örugga, virðingarríka og heilbrigða vinnumenningu. Reykingar og notkun sýnilegra nikótínefna, þar á meðal rafretta, munntóbaks og neftóbaks, eru einungis heimilar í neysluhléum og þá aðeins á afmörkuðum svæðum.

Verktakar og önnur fyrirtæki

Verktakar og fyrirtæki sem starfa á Keflavíkurflugvelli skulu uppfylla kröfur Isavia um vinnuvernd, öryggi og flugvernd, hafa skilgreindar reglur um áfengi, vímuefni og lyf og kynna þær starfsmönnum sínum.

Viðurlög, frávik og stöðugar umbætur

Brot á öryggis- og vinnuverndarreglum teljast frávik innan stjórnunarkerfisins og skulu meðhöndluð í samræmi við verklag um skráningu, úrbætur og eftirfylgni. Isavia er heimilt að vísa starfsmönnum annarra fyrirtækja af vinnusvæði við alvarleg brot á öryggis- eða flugverndarreglum. Öll frávik og viðurlög skulu skráð í viðurlagagrunn Isavia og nýtt til greiningar og stöðugra umbóta.



Öryggisreglur vinnuvernd

1. ÖRYGGIS- OG VINNUVERNDARVITUND

1.1 ALMENNAR REGLUR UM ÖRYGGI- OG VINNUVERND

Starfsfólk skal kynna sér framkvæmd verka áður en vinna hefst og tryggja að þau séu unnin í samræmi við gilt áhættumat og viðeigandi verklag.

Við notkun tækja, véla eða annars búnaðar skal starfsfólk kynna sér rétt vinnulag og tryggja að búnaður sé notaður á öruggan og réttan hátt.

Starfsfólk skal ávallt ganga úr skugga um að framkvæmd verka stofni hvorki því sjálfu né samstarfsfólki í hættu.

Fylgja skal öllum gildandi reglum, leiðbeiningum og merkingum fyrirtækisins er varða öryggi, heilbrigði og vinnuvernd.

Persónuhlífar skulu notaðar þegar þess er krafist, í samræmi við áhættumat, reglur og fyrirmæli.

Vinnusvæði skulu vera hrein og snyrtileg og skal tryggja góðan frágang á öllum verkum, þar sem það er lykilatriði í slysavörnum.

Starfsfólk skal tilkynna yfirmanni tafarlaust um óöruggar aðstæður, hættur, atvik eða næstum slys, eða senda öryggistilkynningu í samræmi við gildandi verklag.

Starfsfólk skal vera meðvitað um að hættur á flugvelli eru margvíslegar og í mörgum tilvikum ólíkar þeim sem þekkjast á öðrum vinnusvæðum.

Starfsfólk sem er óvant störfum á flugvelli skal leita upplýsinga, leiðbeininga og aðstoðar eftir þörfum. Óheimilt er að hefja vinnu án fullnægjandi þekkingar á aðstæðum og áhættum.

Áhættuhegðun er óheimil við störf á Keflavíkurflugvelli og telst frávik frá öryggisreglum vinnuverndar.

Isavia gerir kröfur til allra sem starfa á og við Keflavíkurflugvöll um að farið sé að reglum um öryggi, heilsu og umhverfi. Þessar kröfur eru m.a. skilgreindar í rammisamningi iðnaðarmanna, öryggisreglum Keflavíkurflugvallar og gildandi flugverndarreglum.

2. ÖRYGGISFUNDIR OG SAMSKIPTI

Halda skal reglubundna öryggisfundi þar sem farið er yfir öryggis- og vinnuverndarmál með starfsfólki.

Isavia leggur áherslu á að stjórnendur haldi reglulega fundi með starfsfólki þar sem farið er yfir helstu öryggismál og áhættuþætti, þar á meðal:

- atvik, næstum slys og frávik sem upp hafa komið,
- niðurstöður áhættumats og breytingar á verklagi,
- almenna öryggisvitund og fyrirbyggjandi aðgerðir.



Öryggisreglur vinnuvernd

Öryggisfundir skulu stuðla að virkri þátttöku starfsfólks, opnum samskiptum og stöðugum umbótum í öryggis- og vinnuverndarmálum.

Starfsfólk og verktakar sem vinna við kerfi sem hafa áhrif á starfsemi flugvallarins, þar á meðal brunakerfi, myndavélakerfi, aðgangskortakerfi, lyftur og rúllustiga í flugstöð, skulu tilkynna APOC sérstaklega um fyrirhugaða vinnu.

Tilkynning til APOC skal ná til umfangs vinnunnar, tímasetninga og mögulegrar röskunar á starfsemi, í samræmi við gildandi verklag og samskiptaleiðir.

3. VINNA VIÐ FRAMKVÆMDIR OG VIÐHALD

Reglur í þessum kafla gilda um verktaka og allt starfsfólk Isavia sem sinnir hvers kyns viðhalds- eða framkvæmdavinnu á Keflavíkurflugvelli, óháð því hvort um sé að ræða nýframkvæmdir eða viðhaldsframkvæmdir.

3.1 SKIPULAG VINNU

Vinnu skal skipuleggja þannig að farþegar verði fyrir sem minnstri truflun. Verktaki og starfsfólk Isavia skulu haga framkvæmdum með þeim hætti að truflun á farþegum, rekstri flugvallarins, rekstraraðilum og starfsfólki Isavia sé í lágmarki.

Á vinnusvæðum innan flugstöðvar þar sem farþegar fara um skulu verktakar og starfsfólk Isavia vera snyrtilegt til fara og vera í fatnaði merktum viðkomandi verktaka og Isavia.

Vinna sem getur valdið óþægindum vegna hita, kulda, hávaða, lyktar eða loftmengunar skal ekki fara fram á eða við farþegasvæði á álagstímum flugs, nema sérstakt leyfi liggja fyrir.

Áhættumat vegna framkvæmda skal skilgreina vinnutíma og framkvæmdartíma verks í samráði við verkefnastjóra Isavia.

Óski verktaki eftir að vinna á öðrum tímum en þeim sem tilgreindir eru í samþykktu áhættumati eða verkáætlun skal hann hafa samráð við verkefnastjóra Isavia eða viðeigandi eftirlitsaðila áður en breytingar eru gerðar.

Starfsfólk verktaka er óheimilt að dvelja á Keflavíkurflugvelli að nauðsynjalausu. Umgengni skal takmarkast við skilgreind vinnusvæði og þá leið sem nauðsynleg er til að sinna verkefnum.

Ávallt skal hafa samráð við APOC (Stjórnstöð Isavia) um skipulag vinnu sem hefur, eða getur haft, áhrif á rekstur flugvallarins.

Verkefnastjóri Isavia skal upplýsa APOC um tímasetningar og skipulag vinnu. APOC skráir og skilgreinir vinnu í daglegu rekstraryfirliti í samræmi við verklag.

3.2 ÁÐUR EN VINNA HEFST

Verktakar og starfsfólk sem starfar við viðhald eða framkvæmdir á flugvelli skulu skila skriflegu áhættumati til verkefnastjóra Isavia áður en vinna hefst. Óheimilt er að hefja vinnu fyrir en skriflegt áhættumat liggur fyrir.

Öryggisreglur vinnuvernd

Framkvæmd verka skal ávallt vera í samræmi við gilt áhættumat fyrir verkefnið og skulu allar skilgreindar mildunarráðstafanir vera innleiddar og virkar áður en vinna hefst.

Tryggja skal öryggi vinnusvæðis óháð umfangi eða stærð verkefnis. Þetta felur meðal annars í sér að aðgangur, umferð og nærliggjandi starfsemi sé ekki sett í hættu.

Merkingar, girðingar og lokanir skulu vera skýrar, sýnilegar og skilmerkilegar. Góðar merkingar og viðeigandi lokanir eru lykilatriði til að tryggja öryggi þeirra sem starfa á svæðinu sem og annarra sem fara þar um.

Allar öryggismerkingar skulu vera í samræmi við niðurstöður áhættumats og uppfylla kröfur um öryggismerkingar samkvæmt ISO 7010.

Neyðarútgangar, flóttaleiðir og aðgangur að öryggisbúnaði skulu ávallt vera greiðfær og óhindruð, óháð framkvæmdum eða tímabundnum lokunum.

Við allar framkvæmdir á flugvallarsvæði skal tryggja að ekki skapist hættu á að efni, verkfæri, lausir hlutir eða efnisafgangar (FOD) berist út á flughlöð, flugbrautir eða önnur rekstrarsvæði flugvallarins.

Gera skal viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir FOD, þar á meðal reglubundið eftirlit, frágang vinnusvæða og örugga geymslu efna og búnaðar.

Við framkvæmdir innan flugstöðvar skal gæta sérstaklega að því að farþegar og óviðkomandi aðilar hafi ekki aðgengi að verkfærum, búnaði eða vinnusvæði.

Vinnusvæði innan flugstöðvar skulu vera skýrt afmörkuð með viðeigandi lokunum og merkingum í samræmi við áhættumat og gildandi öryggisreglur.

3.3 ÁHÆTTUMAT

Framkvæma skal áhættumat fyrir öll verk og framkvæmdir á Keflavíkurflugvelli, óháð umfangi eða eðli verkefnis.

Framkvæmdaraðilar skulu skila skriflegu áhættumati til verkefnastjóra Isavia áður en framkvæmdir hefjast. Framkvæmdaaðili ber ábyrgð á að kynna áhættumatið fyrir öllu sínu starfsfólki og tryggja að það sé skilið og fylgt.

- Að auki skal framkvæma verkstaðsbundið áhættumat áður en vinna hefst. Þetta á jafnt við um starfsfólk Isavia sem og verktaka.
- Fyrir umfangsmikil verk sem hafa áhrif á fólk, ferla, og kerfi eða framkvæmd sem varir lengur en viku skal áhættumat liggja fyrir amk. með 3ja mánaða fyrirvara. Ef um er að ræða minniháttar verk skal leggja slíkt áhættumat inn á verkefnavef að lágmarki tveimur vikum áður en viðkomandi verkþáttur hefst.
- Á meðan á framkvæmdum stendur skal verktaki endurskoða og uppfæra áhættumat verks reglulega í samræmi við framvindu, breytingar á aðstæðum eða nýja áhættuþætti.
- Stjórnendur verklegra framkvæmda skulu fara daglega yfir helstu öryggismál og skilgreinda áhættuþætti með starfsfólki sínu, meðal annars á morgunfundum eða öryggisspjaldi dagsins.



Öryggisreglur vinnuvernd

- Verkefnisstjóri og eftirlitsaðili Isavia hafa heimild til að óska eftir og fá afhent áhættumat verktaka hvenær sem er á framkvæmdartíma.
- Verk sem krefjast sérstaks undirbúnings vegna áhættupátta skulu vera skilgreind sérstaklega í áhættumati. Dæmi um slík verk eru notkun krana og kranavinna.

3.4 FORGANGSRÖÐUN VIÐ STJÓRNUN ÁHÆTTU

Við gerð áhættumats og skilgreiningu mildurnarráðstafanna skal eftirfarandi forgangsröðun á stjórnun áhættu ávallt höfð til hliðsjónar:

- **Útrýming hættu**
Koma skal í veg fyrir hættu með því að endurskipuleggja verk þannig að hættulegur verkpáttur sé ekki lengur til staðar eða nauðsynlegur.
- **Skipting / staðgengill**
Skipta skal út hættulegum efnum, búnaði eða verkfærum fyrir öruggari valkosti þar sem það er framkvæmanlegt, til dæmis með notkun verkpalls í stað tröppu við vinnu í hæð.
- **Tæknilegar varnir**
Nota skal tæknilegar lausnir til að draga úr áhættu, svo sem hlífar á vélum, girðingar um hættusvæði, lokanir og afsog hættulegra lofttegunda.
- **Stjórnunaraðgerðir**
Innleiða skal verklagsreglur, vinnuleiðbeiningar og aðrar stjórnunarlausnir sem tryggja öruggt verklag. Undir þetta falla meðal annars skipulag vinnutíma og tilfærsla starfsfólks til að minnka álag.
- **Persónuhlífar**
Skilgreina skal notkun, gerð og kröfur til persónuhlífa þegar ekki er unnt að fjarlægja áhættu með öðrum hætti.

3.5 ÁHÆTTUMAT Á VERKSTAÐ - STALDRAÐU VIÐ

Við allar verklegar framkvæmdir skal framkvæma einfalt, verkstaðsbundið áhættumat á staðnum áður en vinna hefst.

Heimilt er að nýta mismunandi aðferðir og eyðublöð við framkvæmd verkstaðsbundins áhættumats, að því tilskildu að allar helstu hættur og áhættupættir verkefnisins séu skilgreindir og metnir.

Hvetur Isavia til notkunar á LV-öryggi appinu – Rafmennt Safety – við gerð einfalds áhættumats eða take 5 sem finna má á [Áhættumat – Take 5](#).

Verkefnisstjóri og eftirlitsaðili Isavia hafa heimild til að óska eftir og fá afhent verkstaðsbundið áhættumat verktaka hvenær sem er á framkvæmdartíma.

Óheimilt er að hefja vinnu fyrr en allir helstu áhættupættir verkefnisins hafa verið skilgreindir og viðeigandi öryggisráðstafanir ákveðnar og innleiddar.



Öryggisreglur vinnuvernd

4. ÞJÁLFUN OG FRÆÐSLA

Fræðsla og þjálfun eru grundvallarþættir vinnuöryggis og forsenda góðrar öryggisvitundar á vinnustað.

Isavia skal tryggja að starfsmenn og verktakar sem sinna störfum sem geta falið í sér hættur hafi fengið viðeigandi fræðslu og þjálfun áður en þeir hefja störf.

Þjálfunar- og fræðsluþörf skal byggja á áhættumati starfa og vera skilgreind fyrir einstök störf og verkefni.

Allir sem starfa á Keflavíkurflugvelli skulu hafa lokið námskeiði í Vinnuvernd I áður en heimilt er að hefja störf á flugvöllinum

5. ÖRYGGISTILKYNNINGAR

Tilkynna skal öll atvik, óháð alvarleika, þar á meðal slys, næstum slys og önnur öryggistengd atvik.

Með því að tilkynna atvik er stuðlað að jákvæðri öryggismenningu, aukinni öryggisvitund og möguleikum á að grípa til fyrirbyggjandi aðgerða.

Starfsmenn, ytri aðilar og verktakar geta sent inn öryggistilkynningar í gegnum vef Isavia [Senda tilkynningu](#).

Verktakar skulu skila inn mánaðarskýrslu til verkefnastjóra Isavia eða senda inn öryggistilkynningu um slys, næstum slys, öryggismál og önnur frávík sem koma upp á framkvæmdartíma.

Fyrir stærri verkefni skal mánaðarskýrsla verktaka lögð inn á verkefnavef, í samræmi við kröfur verkefnis og verklag Isavia.

6. PERSÓNUHLÍFAR

Reglur í þessum kafla gilda um verktaka og allt starfsfólk Isavia sem sinnir hvers kyns viðhalds- eða framkvæmdavinnu á Keflavíkurflugvelli, óháð því hvort um sé að ræða nýframkvæmdir eða viðhaldsframkvæmdir.

6.1 ALMENNAR KRÖFUR

Nota skal þær persónuhlífar sem við eiga hverju sinni, í samræmi við áhættumat verks. Persónuhlífar skulu ávallt vera notaðar þegar áhætta er til staðar.

Að lágmarki skulu eftirfarandi persónuhlífar alltaf notaðar:

a. Framkvæmdasvæði utan flugstöðvar

- Sýnileikafatnaður
- Öryggisskór



Öryggisreglur vinnuvernd

- Öryggishjálmur
Derhúfa með harðri skel telst ekki öryggishjálmur.

b. Framkvæmdasvæði innan dyra

- Persónuhlífar í samræmi við áhættumat verks
- Fatnaður merktur viðkomandi fyrirtæki

Aðrar persónuhlífar skulu notaðar í samræmi við áhættumat, svo sem öryggisgleraugu, heyrnarhlífar, andlitshlífar, öndunargrímur og fallvarnarbúnað.

6.2 ÁBYRGÐ OG KRÖFUR TIL PERSÓNUHLÍFA

Stjórnendur framkvæmda bera ábyrgð á að tryggja að starfsfólk noti ávallt viðeigandi persónuhlífar í samræmi við áhættumat og reglur Isavia.

Allar persónuhlífar, þar á meðal hjálmar og fallvarnarbúnaður, skulu vera:

- CE-merktar.
- Innan gilds endingartíma.
- Í góðu ástandi.
- Í samræmi við gildandi lög, reglugerðir og staðla.

Sýnileikafatnaður sem notaður er við vinnu utandyra skal uppfylla kröfur EN ISO 20471, flokkur 3.

Sýnileikafatnaður skal vera merktur viðkomandi fyrirtæki og aðgangsheimild skal vera sýnileg á starfsmanni.

6.3 SÉRSTAKAR KRÖFUR UM NOTKUN PERSÓNUHLÍFA

Nota skal öndunargrímur við meðhöndlun leysiefna, við rykmengun og við notkun efna sem geta gefið frá sér hættulegar gufur eða ryk. Val á öndunargrímum og öðrum viðeigandi persónuhlífum skal ávallt byggja á öryggisblöðum (SDS).

Nota skal fallvarnarbúnað, þar á meðal fallbelti með öryggislínu, þegar unnið er í hæð og ekki er unnt að koma við öðrum fullnægjandi fallvörnum.

Nota skal andlitshlífar við vinnu þar sem hætta er á augn- eða andlitsskaða og þar sem öryggisgleraugu veita ekki næga vörn.

Heyrnarhlífar eða eyrnatappar skulu ávallt notaðir þar sem hávaði er yfir viðmiðunarmörkum eða þar sem hávaði getur valdið heyrnarskaða.

7. VERKLEYFI OG UMSÓKNIR

Sækja skal um leyfi til vinnu á Keflavíkurflugvelli (vinnuleyfi) áður en verk hefst. Verktaki skal afla sér vinnuleyfis hjá verkefnastjóra Isavia áður en framkvæmdir hefjast.

Að auki skal sækja sérstaklega og fyrirfram um leyfi eða tilkynna eftirfarandi leyfisskyld störf á Keflavíkurflugvelli, eftir því sem við á:



Öryggisreglur vinnuvernd

- Leyfi fyrir heita vinnu (logaleyfi)
- Leyfi fyrir uppsetningu og notkun krana
- Leyfi eða tilkynningu vegna vinnu í lokuðu rými
- Leyfi fyrir sprengingu
- Leyfi fyrir greftri eða jarðvinnu
- Stöðuleyfi fyrir gáma

Óheimilt er að hefja leyfisskylda vinnu nema gilt leyfi liggi fyrir og öll skilyrði leyfisins hafi verið uppfyllt.

Verktaki ber ábyrgð á að kynna starfsfólki sínu skilyrði vinnuleyfa og tryggja að þeim sé fylgt á framkvæmdartíma.

7.1 UMSÓKN UM LOGALEYFI

Sækja skal fyrirfram um leyfi fyrir heita vinnu á Keflavíkurflugvelli í gegnum vef Isavia [Umsóknir, eyðublöð og tilkynningar](#) áður en slík vinna hefst.

Flugvallarþjónusta Isavia fer yfir áhættumat verksins, metur fyrirhugaðar öryggisráðstafanir verktaka og framkvæmir úttekt á verkstað og öryggisráðstöfunum áður en endanlegt leyfi fyrir heita vinnu er veitt.

Óheimilt er að hefja heita vinnu nema gilt leyfi liggi fyrir og allar skilyrtar öryggisráðstafanir hafi verið innleiddar.

7.2 UMSÓKN UM KRANA

Sækja skal fyrirfram um leyfi fyrir uppsetningu krana eða annarra mannvirkja, búnaðar eða hluta sem geta talist hindrun í nágrenni Keflavíkurflugvallar, í gegnum vef Isavia [Umsóknir, eyðublöð og tilkynningar](#).

Óheimilt er að reisa eða setja upp mannvirki sem geta valdið röskun á flugi, haft áhrif á flugleiðir eða skapað hættu fyrir flugumferð.

Isavia áskilur sér rétt til að krefjast framlagningar hífingaráætlunar (critical lift plan) þegar umfang eða eðli verks krefst slíks.

7.3 UMSÓKN EÐA TILKYNNING UM VINNU Í LOKUÐU RÝMI

Almennt

Sækja skal um leyfi eða senda tilkynningu um vinnu í lokuðu rými áður en vinna hefst. Umsókn eða tilkynning skal send til APOC með tölvupósti eða síma, í samræmi við gildandi verklag. Óheimilt er að hefja vinnu í lokuðu rými nema staðfesting hafi borist frá APOC.

Leyfisskyld lokuð rými

Eftirfarandi lokuð rými eru leyfisskyld og skal sækja um leyfi áður en innganga fer fram:

- Manngengir vatnstankar (875)
- Manngengir eldsneytistankar
- Manngengir eldsneytisbrunnar*



Öryggisreglur vinnuvernd

- Manngengar olíuskiljur*
- Manngengir olíutankar*

* Fyrir olíuskiljur, olíutanka og eldsneytisbrunna sem eru í umsjón og rekstri EBK skal fylgja verklagsreglum EBK.

Sækja skal um inngöngu til EBK og EBK upplýsir APOC um að leyfi hafi verið veitt.

Kröfur til umsóknar um leyfi

Umsókn um leyfi fyrir vinnu í lokuðu rými skal að lágmarki innihalda:

- Áhættumat verksins.
 - Skilgreindar öryggisráðstafanir.
 - Staðsetningu rýmis og lýsingu á tegund þess.
 - Dagsetningu og tímasetningu inngöngu og lok vinnu.
- Ekki er heimilt að fara inn í lokað rými án leyfis frá APOC né án viðeigandi öryggisbúnaðar.

Öryggisráðstafanir og neyðarviðbrögð

- Verklag skal yfirfarið áður en innganga hefst.
- Vaktmaður skal vera til staðar við op rýmis og vera í stöðugu sambandi við þann eða þá sem eru inni í rýminu.
- Gasmælir skal vera af viðurkenndri gerð og notaður í samræmi við áhættumat.
- Áhættumat skal skilgreina skýr neyðarviðbrögð, þar á meðal:
 - hvernig aðrir eru látnir vita ef hætta skapast,
 - hvernig tryggt er að hægt sé að koma starfsmanni fljótt út úr rýminu ef loftgæði minnka eða verða ófullnægjandi.
- Starfsmenn sem vinna í lokuðu rými skulu vera í fallvarnabelti sem henta til björgunar úr lokuðu rými.
- Þrífótur eða sambærilegur björgunarbúnaður skal vera til staðar þegar við á.

Tilkynningarskyld lokuð rými

Eftirfarandi lokuð rými eru tilkynningarskyld og skal tilkynna inngöngu til APOC áður en vinna hefst:

- Gírar flugbrauta
- Djúpuvík (Stafnes)
- Fitugildir og fitugildrubrunnar
- Vatnsbrunnar
- Olíuskiljur
- Sandskiljur
- Opið regnvatnskerfi (regnvatnsbrunnar)
- Skriðkjallari í FLE
- Óloftræst rými



Öryggisreglur vinnuvernd

- Manngengir tengibrunnar fyrir lagnir

Framkvæmd tilkynningar

Inngönguaðili skal tilkynna inngöngu í lokað rými til APOC í síma 425-6200, eðameð tölvupósti á apoc@kefairport.is.

Í tilkynningu skal koma fram:

- Hvenær innganga hefst og lýkur,
- Staðsetning rýmis,
- Nafn og símanúmer inngönguaðila,
- Tegund rýmis, ef við á.

Ekki er heimilt að fara inn í lokað rými fyrr en staðfesting hefur borist frá APOC.

7.4 SPRENGINGAR

Notkun sprengiefna á Keflavíkurflugvelli er með öllu óheimil nema fyrir liggi öll tilskilin leyfi frá viðeigandi stjórnvöldum og Isavia, og farið sé í hvívetna eftir settum reglum og skilyrðum sem um slíka vinnu gilda.

Áður en ákvörðun er tekin um sprengingar skal verkefnastjóri gera sérstaka og ítarlega áætlun um framkvæmd sprenginga. Áætlunin skal meðal annars taka til áhættumats, öryggisráðstafana, tímasetninga, samráðs við viðeigandi aðila og neyðarviðbragða.

Óheimilt er að hefja sprengivinnu nema samþykkt sprengingaáætlun liggi fyrir og öllum skilyrðum leyfa hafi verið fullnægt.

7.5 UMSÓKN UM GRAFTRARLEYFI

Áður en jarðvinna hefst skal afla graftrarleyfis frá Isavia. Umsókn um graftrarleyfi skal send til APOC áður en framkvæmdir hefjast. [Umsóknir, eyðublöð og tilkynningar](#)

Ávallt skal kynna sér yfirlit yfir lagnir og neðanjarðarmannvirki áður en gröftur hefst. Slík gögn eru aðgengileg á vef Isavia [Isavia | Kortasjá | Loftmyndir af Íslandi | Íslandskort | Map of Iceland](#).

Komi upp grunur um mengaðan jarðveg, til dæmis vegna olíumengunar, skal stöðva vinnu tafarlaust og tilkynna til APOC án tafar.

Áhættumat jarðvinnu skal meðal annars taka tillit til:

- Auðkenningar og afmörkunar vinnusvæðis.
- Afskermingar og öryggisráðstafana vegna jarðvinnu.
- Mögulegra umhverfisáhrifa og neyðarviðbragða.

7.6 UMSÓKN UM HÍFINGAR (KRANALEYFI)

Notkun krana og annarra hífingartækja á Keflavíkurflugvelli er óheimil nema gilt leyfi liggi fyrir.

Sama gildir um notkun krana í nágrenni flugvallarins, þar sem tryggja þarf að slík notkun hafi ekki áhrif á flugferla.



Öryggisreglur vinnuvernd

Sækja skal um leyfi fyrir notkun krana og hífingartækja í gegnum heimasíðu [Umsóknir, eyðublöð og tilkynningar](#) áður en vinna hefst.

Óheimilt er að nota lyftara, krana eða önnur lyftitæki nema viðkomandi starfsmaður hafi tilskilin réttindi, þjálfun og kunnáttu til verksins.

7.7 SKIPULAG VINNUSVÆÐIS OG ÖRYGGI

Vinnusvæði þar sem hífingar fara fram skulu vera skýrt afmörkuð, til dæmis með keilum, borðum eða flagglínunum, til að koma í veg fyrir að gangandi vegfarendur eða aðrir óviðkomandi fari undir eða inn á hættusvæði.

Tryggja skal stöðugleika lyftitækja áður en hífing hefst.

Við hífingar á byrðum er óheimilt að aka hraðar en 3–5 km/klst., eftir aðstæðum.

Óheimilt er að ganga undir hangandi byrðum. Nota skal stýrispotta (tag lines) til að stýra hlassi þegar það á við.

Óheimilt er að skilja hangandi byrðar eftir í krana án eftirlits.

Óheimilt er að leggja víra, kaðla eða stroff yfir skarpar brúnir nema með viðeigandi vörn.

Nota skal viðurkenndar plötuklemmur við hífingar á plötum.

7.8 BÚNAÐUR OG ÁSTAND

Skoða skal ástand stroffa, keðja, króka, lása og festipunkta áður en hífing hefst.

Sannreyna skal að allur búnaður sé hannaður og vottaður fyrir þá þyngd og álag sem lyfta á.

Ef niðurstöður áhættumats sýna að hífing telst hááhættustarf skal útbúa ítarlega hífingaráætlun (critical lift plan) áður en vinna hefst.

7.9 NOTKUN LYFTARA

Starfsfólk skal ávallt vera meðvitað um umhverfi sitt við hífingar og gæta sérstaklega að því að líta í kringum sig og upp fyrir sig.

Óheimilt er að flytja farþega með lyftara.

Óheimilt er að lyfta fólki með lyftara nema með viðurkenndum og sérhæfðum búnaði sem ætlaður er til mannlyftinga.

7.10 RAFGEYMAR OG HLEÐSLUBÚNAÐUR

Starfsfólk skal kynna sér og fylgja öryggisleiðbeiningum um meðferð rafgeyma og hleðslutækja fyrir lyftara.

Kynna skal sér og fylgja öryggisleiðbeiningum vegna sýruslysa og annarra hættna sem tengjast rafgeymum.



8. FALLVARNIR OG VINNA Í HÆÐ

Kröfur Isavia: Ávallt skal leitast við að vinna verk á jörðu niðri eða föstum pöllum. Nota skal fallvarnir við vinnu í ≥ 2 m hæð. Ennfremur skal notast við fallvarnir í minni hæð ef sérstakar hættur eru á undirlagi.

BÚNAÐUR

- Nota skal fallvarnarbelti af viðurkenndri gerð með líflínu eða stuðningsreim ef öðrum vörnum verður ekki viðkomið.
- Mittisbelti eru ekki leyfð sem hluti af fallstöðvunarbúnaði.
- Nota skal líflínu með höggdempara og tvívirkum læsingarkrókum.
- Festipunktur skal þola minnst 2270 kg.

Þjálfun

Allir skulu fá viðeigandi þjálfun áður en búnaður er notaður í fyrsta skipti.

Þjálfunin skal að lágmarki fela í sér:

- Rétt notkun og viðhald búnaði.
- Mat á öruggum festipunktum.
- Vinnuaðferðir, skipulag vinnusvæðis, lágmörkun á hættu.
- Fyrsta viðbragð við slysum.

Eftirlit fyrir notkun

- Ávallt skal yfirfara allan búnað áður en hann er notaður.
- Ef slit eða skemmdir sjást → Má ekki nota búnaðinn og honum skal skilað tafarlaust til yfirmanns.

Rétt festing og notkun

- Festa skal öryggislínu í festingu, líflínu eða viðurkenndan fallstöðvunarbúnað
- Gætið þess að líkamsbeltið passi vel og það falli þétt að líkama. Flata hlið D-hringsins á að vera á milli herðablaða.
- Festipunktur helst fyrir ofan D-hringinn.
- Reynið að hafa sem minnstan slaka á línu.
- Ekki festa tvo króka saman.
- Ekki festa reipi aftur í sjálft sig.
- Aldrei skal nota lagnir eða loftgrind sem festipunktur

Fallhæð

- Höggdemparar geta teygst línu um allt að 1,1 m = bæta fallhæð
- Gæta skal sérstaklega að því að festipunktur neðan D-hrings getur aukið heildarfallhæð.

8.1 FASTIR VINNUPALLAR

Nota skal fasta vinnupallar eða lyftur þar sem hægt er að koma því við í stað lausa stiga.



Öryggisreglur vinnuvernd

- Ef notaðir eru vinnupallar skulu þeir uppfylla kröfur í reglum Vinnueftirlits um frágang, hand- og fótlista sem og samkvæmt leiðbeiningum framleiðenda búnaðarins. Vinnupallar skulu aðeins settir, færðir, teknir í sundur eða þeim breytt undir eftirliti og stjórn hæfs einstaklings. Hæfur einstaklingur skal skoða vinnupalla fyrir hverja vakt eða notkun.
- Vinnusvæði þar sem vinnupallar eða vinnulyftur eru notaðar skulu afmarkaðar með t.d. keilum eða flagglínu, til að vara því að hlutur geti falli á gangandi vegfarendur fyrri neðan svæðið.
- Handrið, millistangir og fótkantar skulu vera á öllum opnum hliðum vinnupalla. Plankar í vinnupöllum skulu vera úr að minnsta kosti 5,1 x 25,4 cm óhefluðu timbri fyrir vinnupalla eða sambærilegu
- Plankar í vinnupöllum skulu vera festir með þverspýtu eða festir og skara fram yfir endastoðir um að minnsta kosti 15,2 cm en ekki meira en 30,5 cm.
- Allir vinnupallar ættu að vera alsettir plönkum og byggðir þannig að öryggismörk séu fjórum (4) sinnum áætluð hámarksþyngd.
- Skoða skal yfir allar undirstöður vinnupalla fyrir hverja notkun. Skemmdar undirstöður þarf að taka úr notkun og gera við tafarlaust.
- Stigar skulu vera til staðar til að komast að hverjum vinnupalli.
- Viðeigandi aurstokkar eða önnur stíf undirstaða skal vera til staðar sem getur borið áætlaða hámarksþyngd.
- Vinnupallar skulu vera festir tryggilega við bygginguna eða mannvirkið með ekki meira en 9,2 metra láréttu millibili og 8 metra lóðréttu millibili.
- Ekki má ofhlaða vinnupalla. Ekki skal nota ámur, kassa, tunnur og sambærilega óstöðuga hluti sem vinnupalla eða sem undirstöður fyrir vinnupalla.
- Vörn gegn fallandi hlutum er nauðsynleg ef starfsmönnum við vinnu á vinnupöllum stafar hættu af fallandi hlutum.
- Aðferðum fyrirtækisins við merkingu vinnupalla verður ávallt að fylgja.

8.2 VINNUPALLAR Á HJÓLUM

Mikilvægt er að fara vel yfir ástand vinnupallar og hvort hann hefur verið skoðaður áður en vinna hefst.

- Vinnupallar eiga að vera merktir í samræmi við gildandi kröfur og staðla.
- Enginn má ferðast með vinnupöllum á hjólum þegar þeir eru færðir.
- Vinnupalla á hjólum skal aðeins nota á sléttu yfirborði.
- Hæð vinnupalla á hjólum skal ekki vera meiri en fjórum sinnum minnsta hlið undirstöðunnar.
- Öll breidd vinnupallsins skal vera fullbúinn plönkum. Festið planku með þverspýtu eða festið þá til að koma í veg fyrir hreyfingu þeirra.
- Hemlar skulu vera læstir þegar ekki er verið að færa vinnupallinn.
- Fáíð aðstoð við að færa vinnupalla á hjólum. Gangið úr skugga að leiðin sé greið. Gætið að dældum og hindrunum í lofti.
- Festið eða fjarlægjið allt laust efni og búnað áður en vinnupallur er færður.

Öryggisreglur vinnuvernd

8.3 STIGAR

Mikilvægt er að velja réttan stiga fyrir hvert verk, huga að réttri uppsetningu, beita réttum aðferðum og ganga úr skugga um að hann hafi verið yfirfarinn.

Stigar sem nota á eiga að vera af viðurkenndri gerð og merktir með skýrum hætti í samræmi við gildandi kröfur og staðla. (ÍST EN-131)

Farðu yfir hvort stigin hafi verið skoðaður áður en vinna hefst og að hann sé í lagi t.d. öryggisreim til staðar og í lagi.

Aðeins er heimilt að vinna í stiga ef áhættan sem því fylgir er það lítil að ekki er hægt að réttlæta notkun annars, öruggari búnaðar s.s. vinnupalla eða vinnulyftu.

Öryggi stiga felst fyrst í því að velja réttan stiga fyrir verkið og meðal annars í eftirliti, réttri uppsetningu, réttum aðferðum við að fara upp stigann, réttri notkun, viðhaldi og geymslu.

Val á stiga

Gangið úr skugga um að stigin sem á að nota beri bæði notandann og verkfærin.

Notið rétta stærð stiga fyrir verkið og veljið stiga til að komast í rétta vinnuhæð án þess að þurfa að vinna upp fyrir sig eða standa í efstu rimum.

Eftirlit með stigum. Athugið ástað stiga áður en hann er notaður. Stigar skulu skoðaðir með reglubundnum hætti m.a. hvort sprungur séu og brestir í viði í tréstigum.

Uppsetning stiga

Allir stigar skulu vera tryggilega festir til að koma í veg fyrir hreyfingu.

Áður en stigi er settur upp, skal kanna hvort rafmagnsleiðslur og aðrar hömlur séu á svæði fyrir ofan.

Setjið stigann upp þannig að halli hans sé í hlutfallinu 4 á móti 1 (lóðrétt á móti lárétt).

Stillið stigann stöðugan og sléttan á jörðinni eða gólfinu. Gangið úr skugga um að stigin sé beinn og tryggur áður en farið er í hann. Efsti hlutinn ætti að hvíla á flötum og föstum fleti. Látið stigann ekki halla á hlið.

Öryggisreglur um notkun stiga

Haldið þrepum og rimum stiganna hreinum. Hreinsið einnig skó áður en farið er upp í stiga.

Berið aldrei þungar eða stórar byrðar upp stiga.

Farið fyrst upp og lyftið síðan efninu upp með kaðli.

Teygið ykkur ekki út frá stiga.

Aldrei má ýta eða toga í neitt á hlið úr stiga.

Ef nota á stiga til að komast á efri pall þá þarf hann að ná þrem rimum hærra upp fyrir pallinn eða vera að minnsta kosti 0,9 metrum hærri en efri pallurinn.



Öryggisreglur vinnuvernd

Stiga sem hægt er að lengja skal aðeins lengja frá jörðu.

- Farðu vel yfir stöðugleika og stuðning áður en farið er upp í stiga.
- Notið aldrei skemmdan stiga. Tilkynntu yfirmanni þínum um bilunina þannig að hægt sé að taka hann úr notkun.

9. LÆSA MERKJA PRÓFA

Þegar unnið er í og við orkugjafa getur verið nauðsynlegt að einangra orku með læsingabúnaði meðan á vinnu stendur og fylgja læsingaferli fyrirtækisins við að læsa og merkja í samræmi við áhættumat fyrir verkið „læsa, merkja, prófa“.

Þetta þarft þú sérstaklega að hafa í huga þegar unnið er við rafmagn og búnað undir þrýstingi.

Aðferðir við læsingu og merkingu gera ráð fyrir því að:

- Vélín eða búnaðurinn sé stilltur á „slökkt“ (off).
- Samband vélarinnar eða búnaðarins við aflagjafa hafi verið rofið.
- Lás og merki (eða annar jafnvirkur stýribúnaður) hafi verið settur á rofbúnaðinn
- Öll stöðuorka (gormar, vökvakerfi, hækkaðir hlutar o.s.frv.) hafi verið heft með festingum eða minnkun orkunnar.

Þegar verki er lokið má taka alla lása af búnaði og hleypa orku á.

Góð regla er að eiga aldrei við eða fjarlægja lás eða merki annarra.

10. SKOÐUN OG EFTIRLIT TÆKJA OG BÚNAÐAR

Til að koma í veg fyrir hættu við notkun búnaðar og tækja skal verktaki tryggja að tæki og búnaður séu skoðuð áður en þau eru flutt á verkstað.

Reglubundið eftirlit, viðhald og viðeigandi geymsla búnaðar og tækja eru nauðsynleg til að tryggja örugga notkun þeirra og koma í veg fyrir slys og bilun.

Notandi búnaðar skal framkvæma daglega sjónræna skoðun áður en notkun hefst.

Skoðunin skal meðal annars taka til:

- mögulegrar bilunar eða óeðlilegrar virkni,
- olíu- eða kælivökvaleka,
- sprungna eða skemmda í burðarvirki,
- slits á búnaði, festingum eða hlífðum hlutum.

Komi í ljós frávik eða gallar sem geta haft áhrif á öryggi skal stöðva notkun búnaðar tafarlaust og tilkynna viðeigandi aðila í samræmi við gildandi verklag.

Eftirfarandi búnaður skal að lágmarki skoðaður árlega af eiganda búnaðar:

- Stigum og tröppum

Öryggisreglur vinnuvernd

- Fallvarnarbúnaði
- Lyftibúnaði (stroffum, keðjum eða vírum)
- Lyftibúnaði (tjökkum og stöndum)
- Rafmagns handverkfærum
- Rafmagnssnúrum
- Vinnupallar
- Vinnulyftur



ISAVIA | KEF

Skoðun tækja og búnaðar
Dags. _____

Eftirlitsmaður skráir dagsetningu árlegs eftirlits og undirskrift á miðann.

Öll frávik við eftirlit skal skrá sem rekstrafrávik S5.

Hvernig á að koma í veg fyrir hættur í tengslum við notkun hand- og rafmagnsverkfæra:

- Skoðaðu hvert verkfæri fyrir skemmdir fyrir notkun
- Athugaðu hvort hlífarnar séu til staðar og öruggar
- Athugaðu hvort sprungur séu á hjólum og hnífum
- Athugaðu rafmagnssnúrur, tengingar, jarðtengingu.

Nauðsynlegt er að jarðkjarni sveigjanlega snúrunnar, tengdar jarðtengingar og færanlegra rafverkfæra séu prófuð reglulega af hæfum aðila til að tryggja samfellu og styrk jarðtengingarinnar.

Mörg slys orsakast af biluðum sveigjanlegum snúrum, framlengingarsnúrum, innstungum og bilun á slöngum undir þrýstingi. Skoðaðu eftirfarandi:

- Eru einhverjir berir vírar sjáanlegir?
- Er kapalkápan óskemmd, laus við skurði og slit?
- Er kló / innstunga í góðu standi, t.d. er hlífin ósprungin og pinnar ekki bognir?
- Eru límband eða önnur óhefðbundin samskeyti í kapplinum?
- Er ytra hulstur tækisins óskemmd?
- Öll færanleg verkfæri sem eru skemmd ætti að taka úr notkun.
- Haltu verkfærum skörpum og hreinum
- Skiptu um allar slitnar og/eða skemmdar framlengingarsnúrur, skemmdar tengingar.
- Haltu verkfærum í samræmi við forskrift framleiðanda til að forðast versnandi titring.
- Skiptu um titringsfestingar áður en þær eru slitnar
- Eru snúningshlutar í jafnvægi, ef ekki skiptu um þá ef við á.
- Til að vera öruggur þarf vökvakerfi að vera rétt viðhaldið. Skipta þarf um allar vökvaslöngusamstæður reglulega. Settu upp viðhaldsáætlun og fylgdu henni stöðugt.
- Athugaðu allar vökvaslöngur með tilliti til skurðar, slits og sprungna.

11. MEÐFERÐ OG NOTKUN EFNA

Reglur um efnanotkun á vinnustöðum er að finna á heimasíðu Vinnueftirlitsins, www.vinnueftirlit.is. (Lög nr.61/2013 um efnalög (í 53.gr. eru ákvæði um öryggisblöð), reglugerð nr. 390/2009 um mengunarmörk og aðgerðir til að draga úr mengun á vinnustöðum, og reglugerð nr. 553/2004 um verndun starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum efna á vinnustöðum.)



Öryggisreglur vinnuvernd

Verklagsregla Isavia um efni og geymslu þeirra er fjallað nánar um ábyrgð og framkvæmd hættulegra efna.

- Forðast skal notkun eiturefna og draga úr notkun hættulegra efna eins og kostur er.
- Á vinnustöðum Isavia þarf að kanna hvort efni sé skráð í efnaskráningarkerfi Isavia (Workplace/ratsjain efnalisti KEF áður en vinna hefst.
- Ef efnið er ekki nú þegar skráð í grunninum þá listar þú upp heiti, stutta lýsingu á efni og tilgreinir staðsetningu og sendir á umhverfi@isavia.is með beiðni um að efnið sé skráð.
- Í efnagrunninum er að finna öll öryggisblöð og varnarblöð.
- Þeir sem vinna með efni þurfa að geta nálgast þessar upplýsingar í gegnum grunninn eða á útprentuðum blöðum.
- Verktakar á vegum Isavia skulu vera með öryggisblöð á staðnum á öllum geymslustöðum hættulegra efna.
- Isavia áskilur sér rétt til þess að hafna einstökum efnum.
- Í eða við alla geymslustaði hættulegra efna verður settur QR kóði sem mun vísa á efnaskráningarkerfi Isavia. Þannig verður hægt að nálgast allar öryggisupplýsingar á einfaldan hátt.
- Umbúðir hættulegra efna skulu vera rétt merktar og óheimilt er að umhella eiturefnum og hættulegum efnum. Þau skulu geymast í upprunalegum umbúðum og vera fargað þannig í spilliefnaker. Hægt er að nálgast nýjar merkingar í efnaskráningarkerfi hafi merkingar á umbúðum skemmst eða bæta þurfi við merkingum.
- Óheimilt er að láta hvers kyns olíur, bensín, lífræn leysiefni eða önnur mengandi efni í niðurföll og fráveitur. Sé þörf á því að losa mengandi efni þá skal setja þau í lokuð ílát og fara með í spilliefnaker.

12. FRÁGANGUR VINNUSVÆÐIS

Í lok vinnudags skal verkstjóri á vegum verktaka fara yfir svæðið og tryggja að það sé öruggt. Sé verið þess eðlis að hafi áhrif á rekstur skal einnig tilkynna um vinnulok til APOC.

- Alla efnisafganga skal fjarlægja jafnóðum af vinnusvæðinu. Þá skal tryggt að flóttaleiðir séu ávallt greiðfærar.
- Verktaki skal ganga frá verkfærum þannig að hvorki farþegar né annað starfsfólk sem vinnur á flugvöllinum komist í þau.
- Öll verkfæri eru á ábyrgð starfsfólks viðkomandi verktaka. Verkfæri skulu ávallt geymd í læstum verkfæratöskum. Skilji verktaki verkfæri eftir á glámbekk verða verkfærin fjarlægð af verkstað.
- Ef grunur vaknar um að farið hafi verið inn á framkvæmdasvæði í leyfisleysi og verkfæri eða annað tekið skal strax tilkynna atvikið til APOC. Sé um lögbrot að ræða, t.d. þjófnaður á verkfærum, skal einnig hafa samband við Lögreglu.
- Allan búnað svo sem stiga, palla og vinnulyftur skal taka niður eftir að notkun og þeim komið á öruggt svæði.



13. BROT Á REGLUM

Verkefnastjóra, stjórnendur og eftirlitsaðila á vegum Isavia er heimilt að vísa starfsfólki Isavia og verktaka á þeirra vegum af svæði ef það gerist brotlegt við öryggis- eða flugverndarreglur.

- Skrá skal slík tilvik í viðurlagagrunn Isavia.
- Isavia vinnur í samræmi við sanngirnismenningu við meðferð mála.

14. NEYÐARÁSTAND OG RÝMING

Skapist alvarlegt neyðarástand á vinnustað sem starfsmenn hafa ekki stjórn á, skal tafarlaust tilkynna það til Neyðarlínunnar í síma 112 og APOC í síma 425-6200.

Kynntu þér rýmingaráætlun fyrir Flugstöð Leifs Eiríkssonar sem er á heimasíðu Isavia og Workplace.

Handbók rekstraraðila í Flugstöð Leifs Eiríkssonar tilgreinir nánar hlutverk aðila í neyðarviðbrögðum.

Upplýsingar um neyðarútganga og viðbrögð við neyðarástandi hanga uppi á áberandi stöðum á hverjum vinnustað á Keflavíkurflugvelli.

14.1 BJÖRGUNAR- OG NEYÐARBÚNAÐUR

Sjúkrakassar og slökkvitæki eru til staðar á vinnustöðum Isavia. Þessi búnaður er ætlaður almennum starfsmönnum í fyrstur viðbrögð þegar neyðarástand kemur upp.

14.2 EFTIRLIT MEÐ NEYÐARBÚNAÐI

Slökkvitæki eru skoðuð af viðurkenndum eftirlitsaðilum árlega. Sjúkrakassar eru yfirfarnir af þjónustuaðila einu sinni á ári. Einnig er mánaðarlegt sjónrænt eftirlit framkvæmt á slökkvitækjum og sjúkrakössum af tilnefndum aðila á vinnustöðum Isavia. Verktakar bera ábyrgð á að neyðarbúnaður sé í lagi tiltækur á þeirra verkstöðum.

Eftirtalin atriði þarf að skoða við eftirlit á slökkvitækjum

- Er tækið með gilda skoðun frá viðurkenndum eftirlitsaðila
- Er innsigli órofið
- Er þrýstingur á mæli á grænusvæði.
- Þegar dufttæki er snúið við heyrir þegar duftið rennur til

Eftirtalin atriði þarf að skoða við eftirlit á sjúkrakössum.

- Skoða þarf hvort sjúkrakassar hafa verið yfirfarnir árlega.
- Skoða þarf hvort innsigli á sjúkrakössum hafi verið rofið
- Ef innsigli er rofið þarf að skoða hvort vanti búnað í kassann samkvæmt lista yfir innihald sem á að vera til staðar í kassanum.



Öryggisreglur vinnuvernd



ISAVIA | KEF

Mánaðar eftirlit

Mán	Nafn	Athugasemd
JAN		
FEB		
MARS		
APRÍL		
MAÍ		
JÚNÍ		
JÚLÍ		
ÁGÚST		
SEPT		
OKT		
NÓV		
DES		

Sjúkrakassi nr. _____
Yfirfarinn Dags. _____
Nafn. _____

Mánaðarlegt eftirlit með slökkvitækjum og sjúkrabúnaði á að skrá. Blaðið á að hengja á slökkvitækin og sjúkrakassa og þeir auðkenndir.

Lágmarksbúnaður sjúkrakassa:

- ☐ brunaumbúðir
- ☐ augnpúðar
- ☐ fingraumbúðir
- ☐ sáraumbúðir 12×12 sm
- ☐ sáraumbúðir 18×18 sm
- ☐ vatnsheldir plástrar (3 stærðir, 60 stk)
- ☐ sárabindi 7,5×4 sm
- ☐ fatlar
- ☐ álteppi 130×210 sm
- ☐ sóttþreinsiklútar
- ☐ Nitril hanskapör
- ☐ einnota blástursmaski
- ☐ öryggisnælur
- ☐ skæri
- ☐ plástursrúlla
- ☐ innihaldslýsing
- ☐ leiðbeiningabæklingur

Öll frávik við eftirlit skal skrá sem öryggisfrávik í S5.